

Ed.

21. Frumvarp til laga

[21. mál]

um breyting á lögum nr. 95 5. júní 1947, um lögræði.

1. gr.

11. gr. 3. málsg. 2. másl. laganna orðist svo:

Ef sá, sem sviptur er fjárræði, á fasteign, skrásett skip, bifreið eða loftfar, eða hann rekur atvinnu, sem geta ber eða er getið í verzlanskrá, þá skal skrá athugasemd um úrskurðinn eftir atvikum á varnarþingi fasteignar, skips, bifreiðar eða loftfars og í verzlanskrá. Enn fremur skal skrá athugasemd um úrskurðinn á viðskiptabréf, sem eru í eigu hins lögræðissvipta manns.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til laga um þinglýsingar, og er efni þessa frv. að færa ákvæði laga um lögræði til samræmis við reglur þær, sem felast í þinglýsingarfrumvarpinu. Aðalbreytingin er fólgin í því, að lagt er til, að greind verði í 11. gr. bæði bifreiðar og loftför, þannig að skrá skuli úrskurð á varnarþingi loftfars og bifreiðar, ef hinn fjárræðissvipti er skráður eigandi slíkra verðmæta. Þótt efnisbreytingin í 11. gr. 3. málsg. laga 95/1947 sé tiltölulega lítil, hefur þótt gleggra að taka málsgreinina alla upp í 1. gr. frv. þessa.